

Nd.

31. Nefndarátt

um frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er öll á einu máli um það, að kynbætur búfjænaðarins sje ein af aðalleiðunum til eflingar landbúnaði vorum og því beri að styðja þá viðleitni. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er allverulegt spor í þessa átt. Í fyrsta lagi knýja ákvæði þess hrossaeigendur til nokkurs úrvals á undaneldishestum, og í öðru lagi ættu ákvæði frv. að geta hamlað því, að einstakir hrossaeigendur eyðileggi fyrir öðrum árangurinn af kynbótastarfseminni. Á hinn bóginn telur nefndin rjettara að draga lítilsháttar úr þeim ákvæðum frv., sem örðugast yrði að framfylgja, þar til vaknaður er almennur áhugi meðal hrossaeigenda fyrir þessu máli. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við síðari málsgreinina bætist: á tímabilinu frá 1. okt.—20. apr
2. Við 5. gr.
 - a. Fyrir orðin í fyrri málsgr. »skal gelda fyrir 20. apríl ár hvert« komi: skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert.
 - b. Á eftir orðunum í upphafi síðari málsgr. »láta gelda hest sinn« komi: eða taka í tryggja vörslu.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar »og selja án innlausnarfrests« komi: og selja með 4 vikna innlausnarfresti.
4. Á eftir 10. gr. komi svo hljóðandi:

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að

kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl—1. október
ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Alþingi, 15. febrúar 1926.

Hákon J. Kristófersson,
formaður.

Árni Jónsson.

Halldór Stefánsson.

Jón Sigurðsson,
framsögum.

Jörundur Brynjólfsson.